

Reykjavík 03.11.2023

Fjárlaganefnd
Formaður
Stefán Vagn Stefánsson

Beiðni um fund við fjárlaganefndar vegna fjármagns svo hægt sé að endurnýja samning við Ljósið kt. 590406-0740

Ljósið er endurhæfingar-og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Ljósið var stofnað árið 2005 af Ernu Magnúsdóttur iðjubjálfa sem auk þess hefur meistaranám í forystu og stjórnun.

Ljósið er eina sérhæfða endurhæfingarmiðstöðin á landinu sem sinnir einungis krabbameinsgreindum og aðstandendum þeirra. Ljósið hefur fengið viðurkenningu frá Landlæknisembættinu sem heilbrigðisstofnun og krabbameinssérfræðingar t.d. á Landsspítalanum vísa allir á okkar faglegu endurhæfingu.

Við sendum hér með fundarbeiðni þar sem við biðjum um áheyrn vegna nýrra samningsmarkmiða Ljóssins, en núverandi samningur milli Ljóssins og Sjúkratrygginga Íslands rennur út í desember 2023.

Fundur með heilbrigðisráherra og starfsfólki heilbrigðisráðuneytis var haldinn 13.04.2023, þar sem fram kom kynning og beiðni um aukið fjármagn til starfseminnar vegna gífurlegrar aukingar á þjónustuþegum. Í dag fær Ljósið um 250 milljónir og þarf ennþá að safna fyrir launum starfsfólks.

Fundinn sátu frá Hrn: Willum Þór Þórsson, Selma Margrét Reynisdóttir, Pétur Örn Pálmarrson, Heiða Lind Baldvinsdóttir.

Ljósið sýndi fram á að þörf fyrir 700.000.000,- kr framlag til næstu 3ja ára til að geta haldið í við kostnað í rekstri. Vegna mikillar aukningar í krabbameinsgreiningum og lifendum þá þarf að gera ráð fyrir því í samningum því það hefur snjóboltaáhrif á fjölgun í endurhæfingu í Ljósinu. Árið 2022 sinnti Ljósið 1.637 einstaklingum og er meirihlutinn nýgreindir allt frá 16 ára aldri. Að meðaltali koma um 600 manns í þjónustu í hverjum mánuði.

Nýjar áherslur í samningagerð

Þarfir Ljóssins til framtíðar er að fjölga þarf stöðugildum til næstu 3j ára í að minnsta kosti 40, en þau eru núna 26. Ljósið er mjög undirmannað og fjölga þarf fagfólki með sérþekkingu en auk þess starfsfólk í rekstur og mannauðsmál.

Beiðni verður sérstaklega um að landsbyggðarverkefni Ljóssins verði hluti af samningnum og reikna þarf út forsendur fjármagns hvað varðar það verkefni. Einnig að fé yrði lagt í miðlæga endurhæfingar-og þekkingarmiðstöð.



Varðandi húsnæðismál, þá lagt til að allt fé sem Ljósið safnar sjálft yrði ráðstafað í húsnæðismál en núverandi húsnæði Ljóssins er orðið of lítið og stjórnendur farnir að skima eftir nýju úrræði hvað það varðar.

Með vinsemd og virðingu
Erna Magnúsdóttir framkvæmdastýra Ljóssins,
Brynjólfur Eyjólfsson stjórnarmaður Ljóssins

Erna Magnúsdóttir
Netf. erna@ljosisid.is
Gsm. 6956636